

Mánudaginn 22. janúar 1951.

Kærumálið nr. 14/1950.

Erlendur Erlendsson og

Leifur Erlendsson

gegn

Jóni Erlendssyni og

Jóhanni Ólafssyni & Co.

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson

í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Vitni ekki látið staðfesta vætti sitt.

Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfégetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Með kæru 18. desember 1950, er hingað barst 21. s. m., hafa sóknaraðiljar skotið til Hæstaréttar úrskurði fógetaðóms Reykjavíkur, uppkveðnum 13. desember 1950, í útburðarmálinu: Jóhann Ólafsson & Co. gegn Erlendi Erlendssyni, Leifi Erlendssyni og Elízabetu Kristjánsdóttur, en með úrskurði þessum var varnaraðiljanum Jóni Erlendssyni heimilað að staðfesta vitnaskýrslu sína í málinu með eiði eða drengskaparheiti.

Sóknaraðiljar krefjast þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og að varnaraðili Jón Erlendsson verði ekki látinn staðfesta vætti sitt með eiði eða drengskaparorði. Svo krefjast þeir og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja. Varnaraðiljar hafa hvorki sent Hæstarétti kröfur né greinargerð í málinu.

Pegar til þess er litið, að varnaðaðilinn Jón Erlendsson er bróðir sóknaraðiljanna, Erlends og Leifs Erlendssona, að hann er sjálfur nokkuð við málið riðinn og að missætti virðist vera milli hans og nefndra bræðra hans, þá telst varhugavert, að hann staðfesti vætti sitt með eiði eða drengskaparheiti, sbr. 1. tölulið 2. mgr. 127. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og synja um staðfestinguna.

Eftir atvikum þykir rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður fúgetaréttar Reykjavíkur 13. des. 1950.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda, Magnús Thorlacius hrl., krafðist þess í réttarhaldi 13. þ. m., að vitninu Jóni Erlendssyni, Öldugötu 57, yrði leyft að staðfesta framburð sinn, sem gefinn var hinn 13. þ. m. í fúgetarétti Reykjavíkur.

Umboðsmaður gerðarþola, Sigurður Ólason hrl., hefur mótmælt því, að vitninu verði gefinn kostur á því að vinna heit að framburði sínum í máli þessu bæði vegna þess, að hann bæri óvildarhug til gerðarþola, og einnig vegna þess, að hann hafi fjárhagslegra hagsmuna að gæta í sambandi við úrslit málsins.

Atriði þetta var lagt undir úrskurð fúgetaréttarins.

Atvik máls þessa eru þessi í aðalatriðum:

Frá og með 14. maí 1936 tók Erlendur Erlendsson veitingamaður, Laugavegi 89, á leigu alla neðstu hæð hússins nr. 81 við Laugaveg, en eigandi þess húss er Jóhann Ólafsson & Co. hér í bæ. Um leigurétt þenna var gerður skriflegur samningur, en hann hefur ekki verið lagður fram í málinu, og er því haldið fram af hálfu gerðarbeiðanda, að samningsskjalið hafi verið afhent húsaleigunefnd, sbr. rskj. 4, og ekki fengizt afhent þaðan. Veitingastofa hefur síðan verið rekin í mestum hluta húsnæðis þessa, en í einu herbergi býr kona, að nafni Elísabet Kristjánsdóttir.

Með bréfi til fúgetaréttar Reykjavíkur, dags. hinn 11. apríl s.l., var þess krafizt af hálfu gerðarbeiðanda, að gerðarþoli, Erlendur Erlendsson, og aðrir þeir, er hefðust við í húsnæði þessu, yrðu bornir út þaðan. Í greinargerð gerðarbeiðanda var tekið fram, að ókunnugt væri, hverjir hefðust við í húsnæði þessu, og er Erlendur Erlendsson kom hér fyrir réttinn, kvaðst hann ei muna, hvað kona sú hétí, sem hefði á leigu herbergi af hinu umdeilda húsnæði. Loks er málið var tekið til munnlegs flutnings, upplýsti umboðsmaður gerðarbeiðanda, að kona þessi hétí Elísabet Kristjánsdóttir, og væri útburðar krafizt á henni. Málið var nú endurupptekið til að fá aðiljaskýrslu nefndrar Elísabetar, en í næsta réttarhaldi var ekki mætt af hálfu gerðarbeiðanda, og var málið því hafið. Hinn 8. nóvember s.l. berst fúgetaréttinum af nýju bréf umboðsmanns gerðarbeiðanda, þar sem krafizt er útburðar á Erlendi Erlendssyni, bróður hans Leifi Erlendssyni, Bergþórugötu 87, sem talinn er nota húsnæðið að Laugavegi 81, svo og er útburðar krafizt á Elísabetu Kristjánsdóttur. Þess er óskað, að gerðin fari fram á kostnað gerðarþola. Þessi útburðarbeiðni var tekin fyrir í fúgetaréttinum hinn 8. þ. m., og varð þá að samkomulagi með umboðsmönnum aðiljanna að leggja fram öll þau réttarskjöl, sem voru fram lögð í hinu fyrra máli, og ennfremur að aðilja- og vitnafyrirheyrslur úr því máli skyldu lagðar til grundvallar í þessu máli.

Útbuðarkrafa gerðarbeiðanda byggist á því, að gerðarþoli Erlendur, hinn upphaflegi leigutaki húsnæðisins, hafi að óheimilu afhent öðrum aðilja, bróður sínum Leifi, umráð og rekstur veitingastofu, sem rekin er í húsinu. Af hálfu gerðarbeiðanda er þetta atriði talið svo verulegt brot á leigumála og leigutakaskyldum Erlends, að missi leiguréttar ætti að varða, og er útbuðarbeiðninni jafnframt beint að Leifi Erlendssyni svo og að framleigutakanum, Elísabetu Kristjánsdóttur.

Af hálfu gerðarþola er framgangi útbuðar mótmælt, og málskostnaðar krafizt úr hendi gerðarbeiðanda. Því er haldið fram, að framleiga hafi alla tíð verið heimil, enda hafi hann framleigt hluta húsnæðisins án athugasemda af hálfu húseiganda. Meginhluti húsnæðisins hafi verið tekinn til afnota fyrir fyrirtækið „Veitingastofuna Laugavegi 81“, sem hafi verið starfrækt þar í 14 ár. — Á árinu 1944 kveðst Erlendur hafa tekið Leif bróður sinn í félag með sér um rekstur veitingastofunnar, og hafi Leifur annazt þar daglegan rekstur síðan, en Erlendur þó verið með í meiri háttar ráðum, og fengið hlut ágóða, og sé svo enn. — Þegar ofangreind skipan hafi verið gerð, hafi Leifur tekið Jón Erlendsson, bróður þeirra, í félag með sér um kaup á áhöldum í veitingastofuna í stað þeirra, sem fyrir voru, og hafi þeir Leifur og Jón síðan verið sameigendur að þessum áhöldum, þar til þess þeir slitu sameign sinni um þau haustið 1949. — Telja þeir Erlendur og Leifur, að því hljóti fjarri að fara, að leiguréttinum sé fyrirgert fyrir þessar sakir. — Gerðarþoli Elísabet Kristjánsdóttir hefur alltaf greitt leigu til Erlendar og engin skipti átt beint við húseiganda. Hefur hún mætt í réttinum og hefur mótmælt framgangi útbuðar og krafizt málskostnaðar sér til handa.

Samkomulag þeirra bræðranna Leifs og Jóns Erlendssonar um sameignarslit er lagt fram í réttinum sem rskj. 8. Segir þar, að þeir hafi ákveðið að slíta sameign um veitingastofuna Laugavegi 81 og „Tjarnarbar“, Tjarnargötu 4, þannig að Leifur verði eigandi að veitingastofunni Laugavegi 81, en Jón að „Tjarnarbar“. Til jöfnunar skiptum þessum skuli Leifur greiða Jóni kr. 7.500.00 með 5 mánaða víxli, og ef svo reynist, að leigumála veitingastofunnar Laugavegi 81 verði ei riftað næstu 2 ár, skuli Leifur greiða Jóni til viðbótar aðrar kr. 7.500.00, að þeim tíma liðnum. Samkomulag þetta er dagsett 12. október 1949, en skyldi taka gildi 15. sama mánaðar.

Jón Erlendsson hefur mætt hér í réttinum óstefndur sem vitni. Hann hefur gefið 2 vottorð í málinu. Á rskj. 7 tekur hann fram, að Erlendur hafi selt sér og Leifi veitingastofuna Laugavegi 81, og hafi þeir Leifur keypt sinn helminginn hvor, en hinn 15. október hafi Leifur keypt alla stofuna, sjá hér að ofan. Er sameign þessi stóð, hafi Erlendur engan ágóðahlut fengið, enda ekkert átt í henni, ekki starfað þar og engar kröfur átt á fyrirtækið.

Jón Erlendsson mætti í réttinum sem vitni hinn 16. maí s.l. Lýsti hann þá yfir því, að rétt væri frá skýrt í vottorðum þeim, sem hann hafði gefið. Auk þess skýrði hann frá því, að Erlendur Erlendsson hafi ekki verið til kvaddur, þá er rskj. 8 var samið, enda hafi hann þá ekkert átt í veit-

ingastofunni. Ákvæði um gjöld Leifs í sambandi við riftun leiguréttar, ef til kæmi, hafi verið sett, vegna þess að viðbúið hafi verið, að húseigandi myndi rifta leigumála, þar eð hann hafi ekki verið að spurður, þá er Erlendur hafi selt þeim bræðrunum veitingastofuna. Þá getur Jón þess enn fremur, að Erlendur hafi gefið afsal fyrir veitingastofunni, og muni það vera í förum Leifs, en því hafi ekki verið þinglýst. Þessum framburði Jóns var mótmælt af hálfu gerðarþola sem röngum, vilhöllum og óstaðfestum. Í réttarhaldi hinn 13. nóvember s.l. krafðist umboðsmaður gerðarþeiddanda, Magnús Thorlacius hrl., þess, að Jón Erlendsson, sem þá var mættur, staðfesti með eiði eða drengskaparheiti vitnaskýrslu sína, og kvaðst Jón þessa albuinn, en umboðsmaður gerðarþola, Sigurður Ólason hrl., mótmælti heitvinningu á þeim forsendum, að vitnið bæri óvildarhug til bræðra sinna, Erlends og Leifs, og auk þess hefði hann hagsmuna að gæta í sambandi við úrslit málsins, sbr. 4. gr. samkomulagsins á rskj. 8, sjá þar.

Jón Erlendsson skýrði þá svo frá, að nú fyrir ca. 3 árum hafi þeir Leifur komið undir áhrifum áfengis inn í veitingasalinn á veitingahúsinu „Röðli“, sem Erlendur rekur. Hafi Erlend þá borið þar að, og er hann sá, að þeir bræður voru með vín meðferðis, hafi hann skipað Leifi út úr salnum, og kveðst Jón þá hafa farið út með Leifi. Jón kveðst ekkert hafa haft saman við Erlend að selda síðan, og hafi þeir naumast sézt eftir þetta, en þó kveðst Jón engan óvildarhug bera til Erlends. — Að því er Leif Erlendsson snertir, tekur Jón fram, að þeir hafi ekki átt skap saman, en kveðst annars engan óvildarhug bera til hans.

Bræðurnir Erlendur og Leifur hafa komið fyrir réttinn út af þessu atriði. Erlendur kveðst fyrir 2—3 árum hafa orðið að láta lögreglu fjarlægja þá Leif og Jón úr veitingasalnum á „Röðli“, er þeir hafi komið þangað undir áhrifum áfengis. Hafi Jón þá látið falla til sín reiðiyrdi og haft í heitingum. Síðan hafi þeir ekkert haft saman að selda, en Erlendur kveðst hafa heyrt utan að sér, að Jón bæri til sín óvildarhug, og kveðst viss um, að svo sé. — Leifur Erlendsson staðfestir frásögn Erlendar um þetta atvik, að öðru leyti en því, að hann veit ekki, hvað þeim bræðrum fór á milli í orðum, er þetta skeði. Leifur getur þess, að á meðan þeir Jón ráku veitingastofuna Laugaveg 81 saman, hafi samkomulag þeirra verið stíðlegt, og hafi Jón gert sér erfitt fyrir á einn og annan veg. Þess vegna hafi þeir og slitið félagsskap sínum, sbr. rskj. 8. — Telur Leifur Jón bera til sín óvildarhug.

Umboðsmaður gerðarþola hefur, eins og áður segir, mótmælt heitvinningu Jóns Erlendssonar á þeim grundvelli, að fjárhagslegir hagsmunir Jóns af úrslitum málsins standi heitvinningu í vegi. Eins og mál þetta horfir við, verður ekki séð, að neitt hafi fram komið, sem bendi til þess, að vitnaframburður Jóns sé líklegur til að afla honum þess fjárhagsávinnings eða úrslit málsins skipti hann svo að lögum, að rétt þyki að synja honum um heitvinningu framburðar af þeim sökum.

Líklegt má telja eftir atvikum, að þykkja hafi orðið með Jóni Erlendssyni og bræðrum hans. En ekki verður talið, að upplýst hafi verið, að hér

sé um meiri háttar óvildarhug að ræða af hálfu Jóns, og verður ekki séð, að þetta atriði geti orkað því, að Jóni verði meinuð heitvinning að vitnaframburði sínum. Ber því að gefa Jóni Erlendssyni kost á að vinna heit það, sem krafizt hefur verið, að hann ynni.

Þvi úrskurðast:

Vitninu Jóni Erlendssyni, Öldugötu 57, heimilast að staðfesta með eiði eða drengskaparheiti framburð sinn, gefinn í fógetarétti Reykjavíkur hinn 13. nóvember 1950.

Miðvikudaginn 24. janúar 1951.

Nr. 168/1950. **Ákærvaldið** (Ragnar Ólafsson)

gegn

Ásmundi Pálssyni og

Halldóri Pálssyni (Ragnar Jónsson).

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Brot gegn lögum um iðju og iðnað.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til raka héraðsdóms verður að fallast á, að ákærðu hafi gerzt sekir við þau lagaákvæði, sem þar greinir. Þegar litið er til málavaxta, svo sem leikni ákærðu og kunnáttu í starfa þeirra, þykir refsing þeirra hvors um sig hæfilega ákveðin 300 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 3 daga varðhald í stað hvorrar sektar, verði hún ekki greidd innan 2 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar á að vera óraskað.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ákærðu til að greiða in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, 800 krónur til hvors.